


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Framkvæmdir og vinnuvernd	
	FRV 113	
	Kennsluáætlun haustönn 2012	

Kennari	Kristján Davíðsson	Sk.st.	KRD
----------------	--------------------	---------------	-----


Áfangalýsing: Í áfanganum er fjallað um bygginga- og mannvirkjagerð með áherslu á verkferli og öryggismál. Nemendur læra um undirbúning og upphaf framkvæmda, hlutverk og ábyrgð einstakra fagstétta, skipulag og stjórnun á vinnustað, samstarf og samskipti, áætlanagerð og gæðastýringakerfi. Kennnd er skyndihjálpar, rétt líkamsbeiting, notkun hlífðarbúnaðar, meðferð hættulegra efna, umgengni við rafmagn og farið yfir notkun hjálpartækja og búnaðar við mismunandi verk. Að lokum er gerð grein fyrir námsleiðum í bygginga- og mannvirkjagreinum á framhalds- og háskólastigi. Kennsla fer aðallega fram með fyrirlestur og verkefnavinnu en í skyndihjálpar er jafnframt lögð áhersla á sýnikennslu og verklegar æfingar.

Markmið: Nemandi kunnir skil á hefðbundnu byggingarferli frá hugmynd að lokaúttekt. Hafi þekkingu á öryggismálum vinnustaða, hollustuháttum, vinnuvernd og viti deili á lögum og reglugerðum sem falla að faginu. Viti um námsleiðir að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina á framhalds- og háskólastigi.

Áfangamarkmið:

Nemandi

- kunnir skil á hefðbundnu byggingarferli frá hugmynd til lokaúttektar
- þekki til laga og reglugerða um skipulags- og byggingarmál
- þekki hugtakið vistvæn byggingarstarfsemi
- þekki til stíl- og fagurfræði bygginga og mannvirkja
- þekki hlutverk, starfssvið og ábyrgð byggingarstjóra
- hafi þekkingu á starfssviði og ábyrgð einstakra iðnmeistarara
- þekki grunnatriði gæðastjórnunar og verkskipulags
- þekki grundvallaratriði hollustuhátta og vinnuverndar
- kunnir skil á orsökum og afleiðingum algengra vinnuslysa
- þekki rétta líkamsbeitingu og notkun hlífðarbúnaðar í starfi
- hafi innsýn í samninga og lög um ráðningu starfsfólks og slysatryggingar
- geti veitt slösuðum eða veikum einstaklingi fyrstu hjálpar á vettvangi
- geti framkvæmt frumskoðun og mat á slösuðum einstaklingi
- þekki og geti brugðist rétt við lostástandi og dauðadái
- geti metið og brugðist rétt við áverkum og sárum s.s. við beinbrot og bruna
- geti veitt skyndihjálpar við bráðum sjúkdómum s.s. sykursýki og flogaveiki
- þekki helstu forvarnir gegn kali, ofkælingu og ofhitnun
- hafi þekkingu á skipulagi öryggismála og fyrirbyggjandi aðgerðum
- viti deili á lögum og reglugerðum um vinnuvernd og öryggismál
- þekki reglur um notkun og umgengni við hættuleg efni
- þekki aðferðir til að gera úttektir á öryggismálum vinnustaða
- viti um réttindi og skyldur iðnaðarmanna varðandi öryggismál
- kunnir að umgangast rafmagn og rafmagnstæki á byggingavinnustöðum
- þekki grunnatriði og hugtök sem tengjast virkni rafbúnaðar
- kunnir skil á reglum um umgengni og umhirðu rafbúnaðar
- geti sinnt minniháttar tengingum og fyrirbyggjandi viðhaldi
- þekki slys af völdum rafmagns og varnir gegn þeim
- þekki gerð og notkun algengasta hjálparbúnaðar í byggingariðnaði
- þekki gerð og notkun búkka og stiga við mismunandi störf
- viti deili á uppbyggingu og öryggisatriðum mismunandi verkpalla
- þekki varúðarráðstafanir í óloknum byggingum og mannvirkjum
- viti um námsleiðir að loknu grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina á framhalds- og háskólastigi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Framkvæmdir og vinnuvernd	
	FRV 113	
	Kennsluáætlun haustönn 2012	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	
34	Kynning námsefnis	
34 - 40	Mannvirkjagerð	
40	Miðannarpróf	
41 - 44	Byggingarvinnustaðir og öryggismál	
45 - 46	Gæðastjórnun	
46	Tímapróf	
47 - 48	Námsleiðir að loknu grunnnámi	
48	Upprifjun	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Framkvæmdir og vinnuvernd eftir Eyjólf Bjarnason, IÐNÚ 2004
Myndbönd	Tengd námsefni – vinnuvernd, húsgerð o.fl.
Verkefni	Verkefni tengd húsagerð, skipulagi og öryggismálum á byggingasvæðum
Annað	Gæfusmiðurinn eftir Helga Haraldsson Leiðbeiningar fyrir húsbyggjendur á Akureyri Gestafyrirlestrar um eldvarnir og vinnuvernd

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Lokapróf	60%
Verklegt	Verkefnavinna – þrjú verkefni	20%
Skyndipróf	Miðannarpróf úr fyrri hluta námsefnis	10%
	Tímapróf úr seinni hluta námsefnis	10%
Annað	Vakin er athylgi á því að þeir nemendur sem ekki ljúka áfanga FRV103 geta ekki haldið áfram námi í byggingagreinum.	

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils